

varnarþingi fasteignar eða skrásetts skips, og hennar skal getið á verslanaskrá, ef beiðandi á þessi verðmæti eða rekur atvinnu, sem getið er eða geta ber í verslanaskrá.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Bjarna Kristinssyni eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi fyrir það verð, sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Kollsvík í Rauðasandshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Össuri Guðbjartssyni eyðijörðina Kollsvík í

Rauðasandshreppi á því verði sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24
10. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Á almennum reglum um túlkun tollskrárákvæða:

a. Regla 3 b orðist svo:

b. Blöndur, samsettar vörur, úr ýmsum efnum eða hlutum svo og vörusamstæður (sett), sem eigi verða flokkaðar eftir reglunni í 3 a, skulu flokkaðar eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir þær, enda verði slíku mati komið við.

b. Regla 3 c orðist svo:

c. Ef eigi er unnt að flokka vörur eftir reglunum í 3 a eða 3 b hér á undan skal telja þær til þess tollskrárnúmers sem síðast er þeirra tollskrárnúmera sem að jöfnu koma til álita.

2. Á 4. kafla:

Athugasemd 1 við 4. kafla orðist svo:

1. Til mjólkur telst nýmjólk, undanrenna, áfir, mysa, hleypt mjólk, kefir, jóghúrt og önnur gerjuð eða sýrð mjólk.

3. Á 5. kafla:

a. Athugasemd 1 b við 5. kafla orðist svo:

b. Húðir og skinn (þar með talin loðskinn), að undanteknum vörum þeim er teljast til nr. 05.05 eða 05.07, og afklippur og þess háttar úrgangur af óunnum húðum og skinnum er teljast til nr. 05.15 (41. eða 43. kafli).

b. Í stað svigans „(nr. 96.03)“ í athugasemd 1 d við 5. kafla komi: (nr. 96.01)

c. 05.06 falli brott.

d. 05.09 orðist svo:

05.09 Fílabein, skjaldbökuskeljar, horn, hófar, neglur, klaufir, klær og nef, óunnið eða lauslega lagað til en ekki formað, og úrgangur og mjöl úr þessum vörum; hvalskiði og þess háttar, óunnið eða lauslega lagað til en ekki formað, og skiðishár og úrgangur frá þessum vörum